

## AUGLÝSING

### um friðun æðplantna, mosa og fléttna.

#### 1. gr.

##### *Um friðunina.*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013 og með vísan til 1. mgr. 56. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, ákveðið að friða þær tegundir æðplantna, mosa og fléttna sem getið er í viðaukum með þessari auglýsingu. Tegundirnar eru friðaðar hvarvetna sem þær vaxa og finnast villtar í náttúru landsins. Upplýsingar um útlit, vaxtarstaði og dreifingu má nálgast hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Við ákvörðun um friðun þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992), sbr. Stjórnartíðindi C nr. 11/1995 og 2020 markmið Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Friðunin tekur einnig mið af valista íslenskra plantna sem byggir á skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN 2004).

#### 2. gr.

##### *Markmið friðunarinnar.*

Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Þekktir fundarstaðir tegundanna eru fáir hér á landi, tegundirnar eru sjaldgæfar eða mjög sjaldgæfar, með takmarkaða útbreiðslu og teljast vera í hættu samkvæmt valista.

Markmið friðunarinnar er jafnframt að tegundirnar geti þrífist og fjölgað sér náttúrulega án ihlutunar og í friði frá neikvæðum áhrifum mannsins. Þá er friðunin liður í að stuðla að stöðvun skerðingar líffræðilegrar fjölbreytni.

#### 3. gr.

##### *Friðaðar æðplöntur.*

Tegundir æðplantna sem taldar eru upp í viðauka I við auglýsingu þessa eru friðaðar. Forsendur fyrir friðun þessara tegunda eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

#### 4. gr.

##### *Friðaðir mosar.*

Tegundir mosa sem taldar eru upp í viðauka II við auglýsingu þessa eru friðaðar. Forsendur fyrir friðun þessara tegunda eru hversu sjaldgæfar þær eru, útbreiðsla þeirra takmörkuð, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista.

#### 5. gr.

##### *Friðaðar fléttur.*

Tegundir fléttna sem taldar eru upp í viðauka III við auglýsingu þessa eru friðaðar. Forsendur fyrir friðun þessara tegunda eru hversu sjaldgæfar þær eru, útbreiðsla þeirra takmörkuð, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista.

#### 6. gr.

##### *Um gengni.*

Almenningi er heimil för um vaxtarstaði friðaðra æðplantna, mosa og fléttna en bannað er að aflifa, eyðileggja eða valda á annan hátt skaða á einstaklingum friðaðrar tegundar.

## 7. gr.

*Ákvarðanir er hafa áhrif á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna.*

Við töku hvers kyns ákvarðana sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Við ákvörðunartöku skal leggja áherslu á mikilvægi framkvæmdarstaðarins með tilliti til útbreiðslu og verndarstöðu þeirra friðuðu tegunda sem þar er að finna og hvort fullnægjandi vernd náist með því að vernda eða byggja upp aðra staði þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna. Framkvæmdaraðili skal taka sanngjarnan þátt í kostnaði við slíkar aðgerðir. Stjórnvöldum er heimilt að binda leyfi skilyrðum sem miða að því að koma í veg fyrir eða draga úr röskun friðaðra tegunda.

## 8. gr.

*Eftirlit og vöktun.*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með friðuðum æðplöntum, mosum og fléttum. Náttúrufræðistofnun Íslands skal upplýsa Umhverfisstofnun um fundarstaði friðaðra plantna og fléttna.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun friðaðra æðplantna, fléttna og mosa, sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Niðurstöður vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og sveitarfélögum.

## 9. gr.

*Fræðsla.*

Umhverfisstofnun, sbr. 13. gr. laga nr. 60/2013 og Náttúrufræðistofnun Íslands, sbr. 57. gr. laga nr. 60/2013 skulu veita fræðslu um friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna hér á landi s.s. á heimasíðu eða með sérstakri útgáfu fræðslu- og kynningarefnis um friðaðar tegundir.

## 10. gr.

*Viðurlög.*

Um brot gegn friðun þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

## 11. gr.

*Gildistaka.*

Auglýsing þessi, um friðun æðplantna, mosa og fléttna, er birt á grundvelli 56.-59. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. nóvember 2021.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## VIÐAUKI I

Eftirfarandi æðplöntur eru friðaðar og njóta verndunar skv. auglýsingu þessari í samræmi við 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:

Tegund	Tegundaheiti	Algengi	Válisti <sup>1)</sup>	Fundarstaðir	Vaxtarstaðir
Lyngbúi	<i>Ajuga pyramidalis</i>	Sjaldgæf	ÍN	>5	Gras og lynglautir, stundum undir klettum.
Ljósalyng	<i>Andromeda polifolia</i>	Sjaldgæf	ÍN	4	Rakir móar og súrar mýrarþúfur, A-land.
Ginhafri	<i>Arrhenatherum elatius</i>	Mjög sjaldgæf	ÍN	1	Graslendi, S-land.
Skeggburkni	<i>Asplenium septentrionale</i>	Mjög sjaldgæf	ÍB	1	Þurrar klettaskorur, N-land.
Svartburkni	<i>Asplenium trichomanes</i>	Mjög sjaldgæf	Í	3	Klettaskorur, S- og SA-land.
Klettaborkni	<i>Asplenium viride</i>	Sjaldgæf	ÍN	>5	Klettaskorur.
Tunguskollakambur	<i>Struthiopteris fallax</i>	Mjög sjaldgæf	Í	2	Vex við jarðhita.
Keilutungljurt	<i>Botrychium minganense</i>	Líklega sjaldgæf	UÓ	>5	Sendinn jarðvegur eða frjóar grasbrekkur. Allnokkrir staðir víða um land.
Lækjabrúða	<i>Callitriche brutia</i>	Sjaldgæf	UÓ	>5	Tjarnir og lygnir lækir, SV-land og Vestfirðir.
Hrisastör	<i>Carex adelostoma</i>	Sjaldgæf	ÍN	>5	Þéttgrónir hrismóar og þýft hálfdeigt mýrlendi, N- og NV-land.
Vorstör	<i>Carex caryophylla</i>	Mjög sjaldgæf	Í	1	Grasbrekka, SV-land.
Safastör	<i>Carex diandra</i>	Takmörkuð útbreiðsla	ÍY	>5	Mýrar og flóar, V-, S- og SA-land.
Trjónustör	<i>Carex flava</i>	Sjaldgæf	Í	>5	Mýrar með lækjasytrum, N-land.
Heiðastör	<i>Carex heleonastes</i>	Sjaldgæf	ÍN	>5	Mýrar og flóar.
Gljástör	<i>Carex pallescens</i>	Mjög sjaldgæf	ÍB	2	Þurrar grasbrekkur, S- og V-land.
Hlíðaburkni	<i>Cryptogramma crispa</i>	Mjög sjaldgæf	ÍN	2	Grýttar hlíðar, Vestfirðir.
Knjápuntur	<i>Danthonia decumbens</i>	Mjög sjaldgæf	Í	1	Grasbrekkur.
Skógelfting	<i>Equisetum sylvaticum</i>	Sjaldgæf	ÍN	3	Móar og kjarr, Vestfirðir og A-land.
Hveraaugnfró	<i>Euphrasia calida</i>	Sjaldgæf	UÓ	5	Vex á nokkrum hverasvæðum S- og V-lands.
Mýramaðra	<i>Galium palustre</i>	Mjög sjaldgæf	ÍB	2	Blautar mýrar, S-land.
Sandlæðingur	<i>Glaux maritima</i>	Sjaldgæf	ÍN	>5	Sjávarfítjar, V- og N-land.
Flæðalófötur	<i>Hippuris tetraphylla</i>	Sjaldgæf	ÍN	>5	Sjóflæðatjarnir, N-land og Vestfirðir.

<sup>1)</sup> Skammstafanir fyrir stöðu á válista eru: Útdauð í náttúrunni – ÚÍN, í bráðri hættu – ÍB, í hættu – Í, í yfirvofandi hættu – ÍY, í nokkurri hættu – ÍN og upplýsingar ófullnægjandi – UÓ.

Tegund	Tegundaheiti	Algengi	Válisti <sup>1)</sup>	Fundarstaðir	Vaxtarstaðir
Mosaburkni	<i>Hymenophyllum wilsonii</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Rakir klettaveggir, S-land.
Fitjasef	<i>Juncus gerardii</i>	Mjög sjaldgæf	ÍNH	2	Sjávarfitjar, SV-land og N-land.
Stinnasef	<i>Juncus squarrosus</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Hálfdeigja, A-land og Vestfirðir.
Munkahetta	<i>Lychnis flos-cuculi</i>	Takmörkuð útbreiðsla	ÍNH	>5	Deiglendi, mýrar, S-land.
Burstajafni	<i>Lycopodium clavatum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Lyngmóar, A-land.
Naðurtunga	<i>Ophioglossum azoricum</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Vex við jarðhita.
Súrsmaera	<i>Oxalis acetosella</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Lyngmóar og urðarjaðrar.
Stefánsól	<i>Papaver radicum</i> ssp. <i>stefanssonii</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Hálfgrónir melar.
Tjarnablaðka	<i>Persicaria amphibia</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	3	Grunn stöðuvötn eða tjarnir.
Flóajurt	<i>Persicaria maculosa</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Við jarðhita á S- og SV-landi.
Blæösp	<i>Populus tremula</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Móar og kjarrlendi, N- og A-land.
Mariulykill	<i>Primula stricta</i>	Sjaldgæf	ÍH	>5	Rök leirflög, á N-landi.
Glitrós	<i>Rosa dumalis</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Kjarrlendi og gróðursælar hliðar.
Þyrnirós	<i>Rosa spinosissima</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Gras- og blómlendi, A-, S-, V-land og Vestfirðir.
Lónajurt	<i>Ruppia maritima</i>	Nokkuð sjaldgæf	ÍNH	>5	Nokkrir staðir, ísaltar tjarnir og sjávarlón, víða um land.
Fjallkrækil	<i>Sagina caespitosa</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Fjallamelar, víða um land.
Hreistursteinbrjótur	<i>Micranthes foliolosa</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Lindaseytlur eða neðan bráðnandi skafla, mest ofan 900 m y.s.
Blátoppa	<i>Sesleria albicans</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Gras og lyngmóar, SV- og SA-land.
Flæðaskurfa	<i>Spergularia salina</i>	Mjög sjaldgæf	ÍNH	3	Sjávarfitjar og leirur, V-land.
Línarfi	<i>Stellaria borealis</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Deigt kjarrlendi, allvíða.
Vatnsögn	<i>Crassula aquatica</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	3	Í volgum og votum flögum nærri jarðhita, S-land.
Rauðberjalýng	<i>Vaccinium vitis-idaea</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Lyngmóar, birkiskógur, A-, SV- og NA-land.
Hagabruða	<i>Valeriana sambucifolia</i> ssp. <i>procurrens</i>	Sjaldgæf	UÓ	>5	Deigt blóm- og kjarrlendi, S-land.
Laugadepla	<i>Veronica anagallis-aquatica</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Við jarðhita á S- og V-landi.
Giljaflækja	<i>Vicia sepium</i>	Sjaldgæf	ÍNH	>5	Blóm- og graslendi, S-land.

## VIÐAUKI II

Eftirfarandi mosar eru friðaðar og njóta verndunar skv. auglýsingu þessari í samræmi við 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:

Tegund	Tegundaheiti	Algengi	Válisti	Fundar- staðir	Vaxtarstaðir
Dverggrandi	<i>Atrichum tenellum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	2	Jarðhiti.
Laugarandi	<i>Atrichum angustatum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	5	Jarðhiti.
Smáhnokki	<i>Bryum nitidulum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	2	Berangur til fjalla.
Ylhnokki	<i>Bryum sauteri</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	3	Jarðhiti.
Dverghnokki	<i>Bryum vermigerum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Berangur til fjalla.
Fjólunokki	<i>Bryum violaceum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	3	Jarðhiti.
Bakkabroddur	<i>Cirriphyllum crassinervium</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Klettur við læk.
Fauskabruskur	<i>Dicranum tauricum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Dauðar birkileifar.
Klettavendill	<i>Ditrichum zonatum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	2	Klettur við læk.
Keldulufsa	<i>Drepanocladus sordidus</i>	Mjög sjaldgæf		1	Mýrlendi.
Hærklukka	<i>Encalypta brevipes</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	4	Hraun og klettur.
Laugaseti	<i>Entosthodon attenuatus</i>	Sjaldgæf	ÍN	>5	Jarðhiti.
Hveraseti	<i>Entosthodon obtusus</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	2	Jarðhiti.
Dægurmosi	<i>Ephemerum serratum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	2	Þornaður tjarnarbotn.
Hellafjöldur	<i>Fissidens gracilifolius</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Hellisskúti.
Lækjafjöldur	<i>Fissidens pusillus</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	2	Volgir lækir.
Hnyðrumosi	<i>Glyphomitrium daviesii</i>	Mjög sjaldgæf	ÍN	4	Steinar við sjó.
Veggjaskeggi	<i>Grimmia plagiopodia</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	3	Steypa og sandsteinn.
Loðmosi	<i>Gyroweisia tenuis</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Sandsteinsklettur. Nefndur loðnustúfur.
Hrukkuleskja	<i>Lescurea plicata</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Hálendisurð. Bar ekki íslenskt nafn.
Hnúfmosi	<i>Molendoa warburgii</i>	Mjög sjaldgæf		1	Móbergsklettur. Nefndur <i>Anoetangium warburgii</i> .
Hrukkunæfur	<i>Neckera crispa</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Móbergsklettur.
Trjáhetta	<i>Orthotrichum stramineum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Stofnar birkis og víðis.
Barkhetta	<i>Orthotrichum striatum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Stofnar birkis og víðis.
Laugahnappur	<i>Philonotis marchica</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	5	Jarðhiti.
Roðadári	<i>Plagiobryum demissum</i>	Mjög sjaldgæf	UÓ	2	Klettur og moldarjarðvegur. Hefur ekki fundist á öðrum staðnum síðan 1909.
Digurdoppa	<i>Pseudocalliergon lycopodioides</i>	Mjög sjaldgæf	UÓ	2	Mýrar og flóar.
Fjallalýja	<i>Pseudoleskeella tectorum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Klettur. Bar ekki íslenskt nafn á válista 1.
Rindaskalli	<i>Psilopilum cavifolium</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Hálendi.
Skjónukragi	<i>Schistidium atrofusum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Gjall.
Perlukragi	<i>Schistidium flaccidum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	2	Klettur.
Örðukragi	<i>Schistidium pruinosum</i>	Mjög sjaldgæf		2	Steypur stólpi.
Veggjakragi	<i>Schistidium submuticum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Steypur veggur.

Tegund	Tegundaheiti	Algengi	Válisti	Fundar- staðir	Vaxtarstaðir
Þráðkragi	<i>Schistidium tenerum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Klettur.
Bikarmosi	<i>Seligeria brevifolia</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Hellisskúti.
Gaddaburi	<i>Sphagnum affine</i>	Sjaldgæf	ÍNH	4	Jarðhiti og mýrar. Virðist horfinn á einum staðnum.
Glæsiburi	<i>Sphagnum angermanicum</i>	Horfinn	ÍBH	1	Jarðhiti. Vegur hefur verið lagður yfir staðinn.
Fagurburi	<i>Sphagnum magellanicum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	3	Jarðhiti og mýrar.
Broddaburi	<i>Sphagnum strictum</i>	Horfinn	ÍH	1	Mýri. Vaxtarstaður nú innan hrossagirðingar.
Bjarglaufi	<i>Tayloria acuminata</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Fuglabjarg.
Fjalladjasn	<i>Tetraplodon pallidus</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	1	Á taði til fjalla. Nefndur sauðmosi á válista 1.
Götusnúður	<i>Tortula modica</i>	Mjög sjaldgæf		1	Móbergsklettur. Nefndur <i>Pottia intermedia</i> .
Garðasnúður	<i>Tortula truncata</i>	Mjög sjaldgæf		1	Steinhleðsla. Nefndur <i>Pottia truncata</i> .
Skurðhökull	<i>Trematodon ambiguus</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	2	Skurðbakkar. Hefur ekki fundist á öðrum staðnum síðan 1909.
Heiðahökull	<i>Trematodon brevicollis</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	3	Berangur til fjalla.

## VIÐAUKI III

Eftirfarandi fléttur eru friðaðar og njóta verndunar skv. auglýsingu þessari í samræmi við 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd:

Tegund <sup>1)</sup>	Tegundaheiti	Algengi	Válisti	Fundarstaðir	Vaxtarstaðir
	<i>Acarospora badiofusca</i>	Mjög sjaldgæf		1	Miðhálandi.
Birkikræða	<i>Alectoria sarmentosa</i> (var <i>sarmentosa</i> )			2	Birkiskógur, V-land.
Hraufugláma	<i>Amygdalaria panaeola</i>	Mjög sjaldgæf		3	Hálendi S-lands, á móbergi.
Setríla	<i>Arthonia glebosa</i>	Sjaldgæf		9	Hálendi, á sethjöllum.
	<i>Arthonia gelidae</i>	Sjaldgæf		2	Miðhálandi, A-land.
	<i>Arthonia intexta</i>	Mjög sjaldgæf		1	A-land.
	<i>Arthonia mediella</i>	Mjög sjaldgæf		1	Birkiskógur, A-land.
Törgudoppa	<i>Buellia adjuncta</i>	Sjaldgæf		4	Vestfjarðakjálki. Sníkill á lundatöргу.
	<i>Buellia badia</i>	Mjög sjaldgæf		2	N- og S-land.
Rindadoppa	<i>Tetramelas concinnus</i>	Mjög sjaldgæf		2	Klettur, N-land.
	<i>Buellia jugorum</i>	Sjaldgæf		2	Steinar, N- og S-land.
Steindoppa	<i>Buellia stellulata</i>	Sjaldgæf		4	Steinar, A- og N-land.
Gálgaskegg	<i>Bryoria implexa</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Hraundrangur, SV-land.
Kvistaskegg	<i>Bryoria simplicior</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	3	Birkistofnar og greinar, A- og SA-land.
	<i>Rufoplaca arenaria</i>	Mjög sjaldgæf		2	Klettur, A-land.
Birkimerla	<i>Caloplaca borealis</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	4	Birkistofnar og greinar, Vestfirðir, V- og A-land.
	<i>Caloplaca festivella</i>	Mjög sjaldgæf		3	Á móbergi eða basalti, hálandi S-lands.
	<i>Caloplaca lobulata</i>	Mjög sjaldgæf		1	Reyniviður, N-land.
Hellisprjónar	<i>Chaenotheca cinerea</i>	Mjög sjaldgæf		1	N-land.
Rauðbroddar	<i>Cladonia macilenta</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	4	Móajarðvegur, Vesturland.
Seltulauf	<i>Cladonia strepsilis</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	4	Móajarðvegur, Austfirðir.
Raufarbikar	<i>Cladonia sulphurina</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	2	Móajarðvegur, Vestfirðir.
Hrukkuslembra	<i>Collema furfuraceum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	3	Utan í klettum, Suðurland.
Gróparslembra	<i>Enchylium polycarpon</i>	Mjög sjaldgæf		1	Á klettum nálægt jarðhitagufum, hálandi A-lands.
Víkurslembra	<i>Collema subflaccidum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	3	Utan í klettum, S-land.
Vætlukorpa	<i>Dermatocarpon deminuens</i>	Sjaldgæf		2	Votir klettur, V- og A-land.
Hreisturkorpa	<i>Dermatocarpon leptophyllodes</i>	Sjaldgæf		2	Votir klettur, A-land.
Brúncorpa	<i>Dermatocarpon meiophyllizum</i>	Mjög sjaldgæf		1	Votir klettur, A-land.
Flathyrna	<i>Evernia prunastri</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Birkistofnar og greinar, SA-land.
Móapemba	<i>Hypogymnia austerodes</i>	Mjög sjaldgæf		1	Móar, N-land.

<sup>1)</sup> Sumar fléttutegundir hafa ekki fengið íslenskt nafn.

Tegund <sup>1)</sup>	Tegundaheiti	Algengi	Válisti	Fundarstaðir	Vaxtarstaðir
Skógarþemba	<i>Hypogymnia farinacea</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	2	Birkistofnar og greinar, A- og N-land.
Prikþemba	<i>Hypogymnia vittata</i>	Sjaldgæf		3	Jarðvegur og birki, A-land.
Skrámuklúka	<i>Japewia subaurifera</i>	Sjaldgæf		3	Birki, Vestfirðir og A-land.
	<i>Lecanora cenisia</i>	Sjaldgæf		2	Klettur, A- og N-land.
	<i>Lempholemma isidioides</i>	Sjaldgæf	UÓ	3	Klappir, V- og N-land.
Gígnæfra	<i>Lobaria scrobiculata</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Grasbrekkur, V-land.
Hraunnæfra	<i>Lobaria virens</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Hraun, hálendi S-land.
Gljádumba	<i>Melanohalea septentrionalis</i>	Sjaldgæf	ÍH	>5	Birkistofnar og greinar, NA- og A-lands.
Dvergdimbill	<i>Multiclavula coryneoides</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	2	Skurðbakki, A- og N-land.
Brókarhverfa	<i>Nephroma bellum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	1	Birkistofnar og greinar, V-land.
	<i>Opegrapha pulvinata</i>	Sjaldgæf		3	Klettur, A-land. Sníkill á korpum ( <i>Dermatocarpon</i> spp.).
Grástika	<i>Parmeliopsis hyperopta</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	3	Birkistofnar og greinar, A- og N-land.
Bóluskán	<i>Pertusaria glomerata</i>	Mjög sjaldgæf		2	Jarðvegur, N- og S-land.
Strípamóra	<i>Phaeophyscia constipata</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	4	Hraundrangar, NA-land.
Dökkamóra	<i>Phaeophyscia nigricans</i>	Mjög sjaldgæf	UÓ	1	Trjástofnar, SV-land.
Hraufustubbar	<i>Pilophorus cereolus</i>	Sjaldgæf	ÍYH	>5	Móbergsklettur, S- og V-land.
Næfurskóf	<i>Platismatia glauca</i>	Sjaldgæf	ÍYH	>5	Birkistofnar og greinar, Austurland.
	<i>Protothelenella corrosa</i>	Mjög sjaldgæf		2	Á klettum, hálendi og V-land.
Elgshyrna	<i>Pseudevernia furfuracea</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	4	Birkistofnar og greinar, SA-land.
Gulrenda	<i>Pseudocyphellaria crocata</i>	Mjög sjaldgæf	ÍBH	2	Utan í klettum, S- og V-land.
Vikurhvomsa	<i>Sarcosagium campestre</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Rakur vikurjarðvegur á hálendi.
Áttgróagrýta	<i>Solorina octospora</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	3	Móajarðvegur, N-, NA- og A-land.
Hraufubreyskja	<i>Stereocaulon uliginosum</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	4	Lyng- eða grasmóar, NA-land.
Búldubreyskja	<i>Stereocaulon vanoyei</i>	Frekar sjaldgæf	UÓ	>5	Hraun, S- og SV-land.
	<i>Stigmidium stygnospilum</i>	Sjaldgæf		3	Klettur, S- og V-land. Sníkill á korpum ( <i>Dermatocarpon</i> spp.).
Svarðskjóða	<i>Thrombium epigaeum</i>	Sjaldgæf	ÍH	>5	Nýgræður, N- og A-land.
Músanafli	<i>Umbilicaria hirsuta</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	4	Klettur, N- og V-land.
Leðurnafli	<i>Umbilicaria rigida</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Háfjallaklettur, hálendi.
Hamranafli	<i>Umbilicaria vellea</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	3	Klettaveggir, Vestfirðir og N-land.
Jöklanafli	<i>Umbilicaria virginis</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	1	Háfjallaklettur á jökulskerjum, SA-land.



Nr. 1385

18. nóvember 2021

<b>Tegund<sup>1)</sup></b>	<b>Tegundaheiti</b>	<b>Algengi</b>	<b>Válisti</b>	<b>Fundar- staðir</b>	<b>Vaxtarstaðir</b>
Ljósaskegg	<i>Usnea subfloridana</i>	Mjög sjaldgæf	ÍYH	2	Birkistofnar og greinar, SA-land.
Gullinvarp	<i>Vulpicida pinastri</i>	Mjög sjaldgæf	ÍH	4	Birkistofnar og greinar, A- og SA-land.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2021